

Bekkjarnámskrá 9.-10. bekkur 2024-2025

Íslenska

Kennsla í íslensku fer fram í fjórum lotum, tveimur á haustönn og tveimur á vorönn, fjórar vikur í senn. Frásagnarefni vetrarins er að mestu ennþá ævintýri Grimmsbræðra, árstíðabundin ævintýri, en einnig rússnesk, íslensk, norsk og írsk ævintýri og sögur. Í íslenskulotunum er unnið með sögur sem tengjast bókstöfunum sem eru sprottnar úr ímyndunaraflí kennarans. Unnið er með efnivið allra þessa sagna með fjölbreytni í kennsluháttum að leiðarljósi.

Haustönn 2024

Sérhljóðar	Við förum sérstaklega í sérhljóðana og æfum okkur í orðum þar sem þeir koma sterkt fyrir með hlustun og ritun. Lotan mun byrja á kennslu sérhljóðanna. Það er gott að hafa þá þegar við förum að æfa að skrifa einföld orð samhlíða því sem við byrjum að æfa samhljóðana. Við förum leiðina frá myndinni (upplifun af stafnum), til ritunarinnar áfram til lestrarins.
Tímabil 16.9 - 18.11	<ul style="list-style-type: none"> æfa fín og grófhreyfingar með kubba litum og vaxstiftum. Æfa rétt grip og beitingu á skriffærum, byggja grunn að þeirri listrænu vinnu sem koma skal með því að æfa blöndun á frumlitunum og fá fram annars stigs liti, æfa stafina sjálfa og byrja að æfa notkun þeirra í orðum, bæði í rituðu og töluðu máli, æfa að móta stafina með leir, lausamunum, rita með fingri í loftið o.fl.

Samhljóðar	Í þessari lotu munum við sérstaklega skoða sam-hljóðana í þeirri röð sem þeir koma fyrir í stafrófinu og æfum okkur í orðum þar sem þeir koma sterkt fyrir með hlustun og ritun.
Tímabil 25.11- 20.12	<p>Við förum leiðina frá myndinni (upplifun af stafn-um) til ritunarinnar og til lestrarins.</p> <ul style="list-style-type: none"> æfa lestur gegnum það efni sem við erum að skrifa sjálf, æfa að endursegja sögu, teikna, skrifa og lesa út frá bókstafa ævintýrum, myndskreyta lotubók.

Vorönn 2025

Samhljóðar og sérhljóðar	Í þessari lotu munum við sérstaklega skoða sam-hljóðana í þeirri röð sem þeir koma fyrir í stafrófinu og æfum okkur í orðum þar sem þeir koma sterkt fyrir með hlustun og ritun.
Tímabil 3.2 - 7.3	<p>Við förum leiðina frá myndinni (upplifun af stafnum) til ritunarinnar og áfram til lestrarins.</p> <ul style="list-style-type: none"> æfa lestur gegnum það efni sem við erum að skrifa sjálf, æfa að endursegja sögu, teikna, skrifa og lesa út frá bókstafa ævintýrum, myndskreyta lotubók

<p>Tvíhljóðar</p> <p>Tímabil 22.4-9.5</p>	<p>Í þessari lotu erum við sérstaklega að fara að skoða tvíhljóða í þeirri röð sem þeir koma fyrir í stafrófinu og æfum okkur í orðum þar sem þeir koma sterkt fyrir með hlustun og ritun.</p> <p>Við fórum leiðina frá myndinni (upplifun af stafnum) til ritunarinnar og áfram til lestrarins.</p> <ul style="list-style-type: none"> • æfa lestar gegnum það efni sem við erum að skrifa sjálf, • æfa endursögn á sögum, • teikna, skrifa og lesa út frá bókstafaævintýrum, • myndskreyta lotubók.
-------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Stærðfræði

Kennsla í stærðfræði fer fram í þremum lotum, einni á haustönn og tveim á vorönn, 3 - 4 vikur í senn.

Haustönn 2024

<p>Samlagning</p> <p>Frádráttur</p> <p>Innlegg</p> <p>Margföldun</p> <p>Deiling</p> <p>Tímabil 28.10 -22.11</p>	<ul style="list-style-type: none"> • rómverskir og arabískir tölustafir, • skilningur á virði talna, • klapp og stapp margföldunartaflna æft, • rúmfræði út frá tölustöfunum 1 upp í 12. • hugareikningur, • hreyfing - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur, 1-10-100, áfram og afturábak, • litla samlagningarttaflan, • litla frádráttar taflan, • margföldunartafla 1x og 2x.
-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Vorönn 2025

Samlagning Frádráttur Tugakerfi Talnarýni upp í 1000	Reikningsaðferðir: samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Reikningsaðferðirnar eru æfðar með fjölbreyttum hætti, í gegnum líkamann með reglubundnum takthreyfingum, með ýmsum ábreifanlegum hlutum svo sem steinum, fræjum og baunum. Allar æfingarnar gera reikning lifandi fyrir nemendum sem í framhaldinu leysa skrifleg reikningsdæmi.
Tímabil 6.1 - 31.1	<ul style="list-style-type: none">• hugareikningur,• hreyfing - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur 1 - 10 - 100, áfram og afturábak,• litla samlagningartaflan,• litla frádráttar taflan,• margföldunartafla 1x og 2x,• deilingartafla - að deila með 2. <p>Hugareikningur Hluti námsefnisins er hreyfing tengd stærðfræði - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur, áfram og afturábak. Unnið verður með talnaþulur - 1 og upp að 100 og afturábak. Nemendur æfa að telja einingar upp að hundrað og afturábak sem og að telja tugi upp að hundrað og afturábak.</p> <ul style="list-style-type: none">• kynnast tugakerfi,• tölur upp í 100 skriflega,• samlagning yfir 10,• sléttar og odda tölur,• æfa áfram margföldunartöflur.

Tugakerfi Sléttar/oddatölur Talnarýni upp í 1000 Margföldun/ deiling	<p>Hugareikningur Hluti námsefnisins er hreyfing tengd stærðfræði - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur, áfram og afturábak. Unnið verður með talnaþulur - 1 og upp að 100 og afturábak. Nemendur æfa að telja einingar upp að hundrað og afturábak sem og að telja tugi upp að hundrað og afturábak.</p> <ul style="list-style-type: none">• kynnast tugakerfi,• tölur upp í 100 skriflega,• samlagning yfir 10,• sléttar og odda tölur,• æfa áfram margföldunartöflur,• æfa að teikna og skrifa margföldunar og deilingardæmi,• æfa margföldunartöflur upp í 10,• æfa hreyfanleika í töflunum.
Tímabil 10.3 - 11.4	

Formfræði/formteikning

Kennsla í formfræði fer fram í tveimur lotum, einni á hvorri önn, 3-4 vikur í senn.

Haustönn 2024

Tímabil 19.8 - 13.9	Formfræðiæfingar sambættar við skrift, stærðfræði og formfræði. <ul style="list-style-type: none">• bein og begin lína,• endurtekning og eftirhermun,• fínhreyfingar,• teikning.
------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Vorönn 2025

Tímabil 12.5 - 6.6	Formfræðiæfingar sambættar við skrift, stærðfræði og formfræði <ul style="list-style-type: none">• bein og begin lína í flæði,• endurtekning og eftirhermun,• fínhreyfingar,• teikning.
-----------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Erlend tungumál

Sambætt við öll fög	Erlend tungumál eru sambætt við flest fög. Vísur og rímur eru sungnar við tækifæri. Áhersla er lögð á ensku, þýsku og dönsku. Nemendur læra að bjóða góðan dag, að telja og segja ýmis einföld samskiptaorð sem nýtast þeim í daglegu lífi. Barnaleikir svo sem söngleikir, hópleikir, snúsnú og aðrir leikir þar sem talað mál er haft við leik eru sambættir við hreyfingu og talmál.
Tímabil Allt árið	

List- og verkgreinar

Handavinna

Tímabil Allt árið	Verkefni hjá þeim er að búa til prjóna. Nemendur fá rúnaða pinna sem þarf að pússa vel. Því næst er læra nemendur að fitja upp lykkjur á fingrum sér. Þegar sú færni er orðin góð læra nemendur að prjóna. Prjónaður verður líttill trefill á dúkku eða bangsa. Prjón er mikilvægur þáttur í kennslu. Það krefst fínhreyfingar og er góð æfing í samhæfingu beggja handa. Aðallega er unnið með ullarband.
	Nemendur munu prjóna dregil sem er ca 10 lykkjur á breidd og ca 36 umferðir. Prjónaálfurinn mætir eftir að nemendur eru farnir úr skólanum og saumar saman renninginn þannig úr verður hinn snostrasti dvergur.

Smíði/tálgun

Tímabil 30.9-11.10	Nemendur tálga í vettvangsferðum og frístund allt árið. Í tálgunarlotuni okkar æfum við að gera lítinn dverg, við förum og öflum okkur efniviðar í skóginum og æfum rétt grip og hald á hnif. <ul style="list-style-type: none">• æfum formskyn,• æfum fínhreyfingar,• æfum að fara ná fram úr efninu formi,• æfum að pússa og klára að gera alveg fínt það sem við erum að vinna með.
------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Tónlist

Tímabil Lota 1 28.10 - 22.11	Skólasöngur er haldin alla morgna með öllum aldursstigum. Í morgunhring eru flóknari söngvar æfðir ásamt erlendum lögum og röddun er æfð. <ul style="list-style-type: none">• undirstöðuatriði pentatónísku blokkflautunnar eru æfð og umhirða flautunnar,
Lota 2 3.2 - 7.3	<ul style="list-style-type: none">• nemendur spila frjálst á ýmis hljóðfæri,• nemendur læra að hlusta og njóta tónlistar,• klapp og stapp notað til að finna hrynjandi í tónlist,• nemendur æfa sig að vera í takti við tónlist og samhæfa útlimi við hreyfingu hrynjandi lags.

Hrynlis

Tímabil Vorönn 8 skipti	Hrynlisitin er unnin að hluta til með aðstoð einfaldrar tónlistar í ýmsu formi, t.d. við undirleik líru, klukkuspils, eða lítilla sembla. Börnin koma til með að læra að ganga eftir „ósýnilegum“ rúmfræðilegum og strúktúreruðum formum. Lögð verður megin áhersla á að barnið upplifi mun á beinni og boginni línu. Markmiðið er að þessi greinarmunur upplifist með öllum líkamanum sem heild frekar en einungis á vitsmunalegan hátt. Grunnur verður lagður að myndbyggingu sérljóða og samhljóða. Ekki verður farið út í fulla meðvitaða myndbyggingu, heldur verður leitast eftir að virkja hreyfingarnar í gegnum eftirhermun með nokkurs konar leikraðni tjáningu á ljóðum og ævintýraleikjum sem byggjast á rými og hrynjandi. Vers hrynjandi verður æfður með áherslu á löng og stutt skref, ýtt verður undir þessa upplifun með samhæfingu handa og fóta þar sem t.d. fæturnir læðast og hendurnar klappa. Þessar æfingar styrkja líka heyrnina.
---------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Leiklist Haustönn

jólaleikrit Tímabil 25.11 - 20.12	Nemendur setja upp leikrit sem er sambætt við íslensku kennslu. Kennari aðstoðar nemendur við handritasmíð. Nemendur taka þátt í persónusköpun og koma með hugmyndir að sviðsmynd og búningum.
-------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Vorönn

Páskaleikrit Tímabil 10.3 - 11.4	Nemendur setja upp leikrit sem er samþætt við íslensku kennslu. Kennari aðstoðar nemendur við handritasmíð. Nemendur taka þátt í persónusköpun og koma með hugmyndir að sviðsmynd og búningum.
----------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Málun

Tímabil Lota 1 6.1 - 31.1	Nemendur kynnast töfraheimi vatnslitunar og læra að njóta fagurfræði litanna. Nemendur mála blautt í blautt frjáls form og eftir frásögn kennarans. Nemendur kynnast hreyfingu vatnslitanna og virkni þeirra <ul style="list-style-type: none">• gæði hvers litar• ljósir og dökkir litir• veikir og sterkir litir• kaldir og heitir litir• andstæðulitir
Lota 2 22.4 - 9.5	

Átthagafræði

Tímabil Allt skólaárið	Á hverjum mánudegi eru farnar tveggja til þriggja tíma nestisferðir í umhverfi skólans. Hólar og dalir, hraun og lækir, melar og móar og skóglendi eru skoðuð. Gengið er á Selfjall þar sem kletturinn Kista er skoðaður. Nemendur læra um áttirnar og helstu nöfn og hugtök fyrir fyrirbærum náttúrunnar sem þau upplifa. Nemendur læra að þekkja plöntur og dýr í umhverfi sínu. Nemendur upplifa á eigin skinni breytingu árstíðanna. Á haustmánuðum eru ber tínd og tekið með heim til te- og sultugerðar. Farið er í skólaferðalag í Viðey á vordögum þar sem við skoðum eyjuna ásamt dýra og mannlífi sem þar er
---------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Umhverfismennt Haustönn

Garðyrkja Haustuppskera í skólagarði	Nemendur taka þátt í uppskeru. Nemendur þvo og skera niður grænmeti. Nemendur aðstoða við eldamennsku á grænmeti og undirbúa uppskeruveislu Drekkaleiksins á Mikjálmessu í október.
Tímabil 19.8 - 13.9	Nemendur undirbúa jarðveg fyrir veturninn. Nemendur kynnast frumkröftunum sem dvelja í garðinum, vindinum, sólinni, jörðinni og vatninu. Nemendur færa fuglum vatn og þakka smádýrum svo sem ánamöðkum og þöddum fyrir góða vinnu.

Vorönn

Garðyrkja sáning og undirbúningur Tímabil 12.5 - 6.6	<ul style="list-style-type: none">• nemendur undirbúa jarðveg og matjurtagarð fyrir sáningu.• nemendur bera í garðinn ýmsan húsdýraáburð og stinga upp beð.• nemendur undirbúa jarðveg og setja niður útsæði.• nemendur sá fyrir ýmsum matjurtum svo sem rófum, gulrótum, sellerí og kryddjurtum.• nemendur sá og fylgjast með vexti grænmetis og kryddjurta.• skaftholt, skólaferðalag- sjá átthagafræði
------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Hreyfing

Frjáls leikur Leikir Tímabil Reglulega yfir allt skólaárið	<ul style="list-style-type: none">• á hverjum degi er frjáls leikur þar sem ímyndunaraflíð og sköpunargáfan fær að njóta sín,• nemendur vinna úr efnivið dagsins og búa sér til ævintýraheim þar sem frelsi sköpunar fær að blómstra,• nemendur æfa sig í félagsfærni og við stuðlum saman að því að mynda góðan bekjkjarbrag,• nemendur taka þátt í stýrðum leik ásamt því að leika við aðra bekki og kennara þar sem leikreglur ríkja,• ólympíuleikar eru haldnir að vori. Unnið er í hópastarfi þvert á bekki,• ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þáttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátið í tengslum við leikana,• sundkennsla byrjar öllu jafna í 2. bekk.
Ólympíuleikar Tímabil 12.5 - 16.5	
Sundkennsla Vorönn	

Lífsleikni

Sambætti við átthagafræði og leiklist Furudals vika Tímabil 13.9-27.9	<p>Sjá átthagafræði, hreyfingu og leiklist.</p> <p>Lífsleikni Vika / Furudalsvika Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kveikja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullanband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans.</p>
-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

*Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Heimildaskrá:

Aðalnámskrá grunnskólanna, Sótt af . <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Læreplan for Steinerskolerne. Skólanámskrá Waldorfskólanna í Noregi. Sótt af

<https://www.steinerskole.no/pedagogikk/laereplan/>

En väg til frihet, skólanámskrá Waldorfskóla í Svíþjóð. Sótt af <http://www.uppsalawaldorfskola.nu/wp-content/uploads/2018/01/en-vag-till-frihet.pdf>